

Fundargerð stofnfundar félagsins Alnæmisbarna, 22. mars 2004

Stofnfundur samtakanna Alnæmisbörn var haldinn 22 mars 2004 í húsakynnum Rauða kross Íslands við Efstaleiti. Til fundarins mættu 25 gestir.

1) Fundurinn hófst á því að Erla Halldórsdóttir bauð fólk velkomið og sagði frá undirbúningsstarfi að stofnun félagsins. Og síðan var gengið til dagskrár stofnfundar

2) Fundarstjóri var kjörinn María Jóna Gunnarsdóttir og fundarritari Ragna Karlsdóttir.

3) Erla kynnti félagið Alnæmisbörn og sagði stuttlega frá alnæmi í löndum Afríku. Hún kynnti einnig verkefnið Candle light foundation og sýndi kynningarmynd um verkefnið í Kampala í Úganda. Nokkrar fyrirspurnir komu fram svo og umræður um verkefnið.

4) Samþykktir félagsins.

Fundarstjóri las upp samþykktir félagsins og bar þær undir atkvæði. Þær voru samþykktar samhljóða.

5) Kosning stjórnar.

Undirbúningsnefnd bar fram eftirfarandi tillögur stjórnar Alnæmisbarna:

Þórunni Sveinbjarnardóttur til formanns til tveggja ára

Erlu Halldórsdóttur og Helgu Tulinius til tveggja ára.

Bjarna Reykr Kristjánsson og Maríu Jónu Gunnarsdóttur til eins árs. Stjórn skipti með sér verkum.

Stjórnin var borin undir atkvæði og kjörin samhljóða.

Undirbúningsnefnd gerði tillögu um Halldóru Karlsdóttur og Guðrúnu Aðalsteinsdóttur sem skoðunarmenn reikninga. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6) Ákvörðun árgjalds.

Undirbúningsnefnd gerði tillögu um kr. 2000 og var það samþykkt samhljóða.

7) Önnur mál: Erla Halldórsdóttir sagði frá hugmyndum sínum um annað verkefni í Úganda á vegum Alnæmisbarna. Hugmyndin lýtur að því að setja á stofn annan vinnustað í sama sniði og kertagerðina og vinna að gerð ilmólú. Mikið er um blómarækt í nágrenni Kampala og hugsanlega auðvelt að fá afskurð og afganga frá blómaframleiðendum til að nota til eimingar ilmefna í olíur.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, nýkjörinn formaður félagsins, þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og áhuga á verkefnum félagsins. Að loknum hvatningarorðum sleit hún fundi.

Janúar 2005

Ragna Karlsdóttir, fundarritari